

## Dómaranefnd KSÍ

Reykjavík, 3. febrúar 2020.

**Efni:** Athugasemdir Dómaranefndar KSÍ vegna ályktunartillögu um dómaraströf í 2. flokki

Eins og kemur fram í töflunum hér að neðan myndi kostnaður aukast til mikilla muna ef tillagan yrði samþykkt. Sá kostnaður myndi líkast til lenda alfarið á félögunum.

### Núverandi fyrirkomulag

	Fjöldi Leikja	Gjald pr. Leik	Samtals
A-deild karla	90	15.000	1.350.000
B-deild karla	90	15.000	1.350.000
A-deild kvenna	56	15.000	840.000
B-deild kvenna	56	15.000	840.000
Bikar karla	7	15.000	105.000
Bikar kvenna	7	15.000	105.000

**Samtals:**

**kr. 4.590.000,-**

(Vantar kostnað vegna flugs og langferða.)

### Ef KSÍ sér um aðstoðardómara

	Fjöldi Leikja	Gjald pr. Leik	Samtals
A-deild karla A og B-lið	180	38.000	6.840.000
B-deild karla A og B-lið	162	38.000	6.156.000
C-deild karla	42	38.000	1.596.000
A-deild kvenna	56	38.000	2.128.000
B-deild kvenna	56	38.000	2.128.000
Bikar karla	26	38.000	988.000
Bikar kvenna	14	38.000	532.000

**Samtals:**

**Kr. 20.368.000,-**

(Vantar kostnað vegna flugs og langferða)



Árið 2019 mannaði skrifstofa KSÍ 4.651 dómarastarf. Sem dæmi um umfangið hjá KSÍ þá mannar skrifstofan á stórum helgum í kringum 140 dómarastörf. Þó verkefnið sé ærið þá tekst með naumindum að standa við flestar skuldbindingar, þ.e. að raða dómurum í öll þessi störf. Vandamálið eru helst afskekktir staðir á landsbyggðinni þar sem KSÍ þarf stundum að fá aðstoð heimamanna til að manna aðstoðardómarastörfin.

Eins og staðan er núna er mönnun leikja, þar sem KSÍ sér um að manna leiki, komin að þolmörkum. Ljóst er að á næstu árum mun leikjum í efstu deildum fjölga umtalsvert enda er það krafa félaganna að lengja tímabilið. Helsta áskorun þeirra sem koma að dómaramálum sambandsins í dag er að mæta þessari aukningu. Það gefur augaleið að á sama tíma er ekki hægt að fjölga störfum sem KSÍ er ábyrgt fyrir að manna í yngri flokkum nema til komi veruleg fjölgun dómara og þar verða fleiri félög að koma sterkar inn en nú er, því grasrótin er hjá félögunum. Langflestir KSÍ dómarar koma frá aðildarfélögunum. Það er mjög fátítt að fá fólk inn af götunni á dómaramámskeið.

Það er allur gangur á því hvernig félögin eru að sinna dómara hlutanum í sinni starfsemi. Sum félög eru að sinna málaflokknum mjög vel en því miður meirihluti aðildarfélaganna að sinna dómara hlutanum mjög lítið og sum félög ekkert. Stór hluti aðildarféлага leggur KSÍ ekki til neina dómara en fá samt alltaf tríó á leiki hjá sér.

Nýliðun KSÍ dómara fer að langmestum hluta með eftirfarandi hætti:

- Dómarastjórar félaganna benda á dómara sem hafa getu og vilja til að gerast KSÍ dómarar
- KSÍ fær ábendingar frá KSÍ dómurum sem starfað hafa með góðum aðstoðardómurum í 2. flokki.

Það að KSÍ taki yfir mönnun á leikjum í 2. flokki myndi þannig hafa slæm áhrif á nýliðun KSÍ dómara.

Í flestum aðildarlöndum UEFA sér hvert knattspyrnusamband um mönnun dómara í tveimur til þremur efstu deildum karla og kvenna. Dómarafélög sjá um að manna aðra leiki. Dómarafélögin fjármagna sig með því að rukka félögin fyrir leiki sem þau koma að. Knattspyrnusamböndin sjá síðan um fræðslu í dómarafélögunum og ýmsan annan stuðning. Það er spurning hvort við hér á Íslandi eigum að fara taka upp sambærilegt fyrirkomulag þar sem umfangið hjá KSÍ við mönnun dómara eykst á hverju ári og spurning hvort það sé tímabært að fleiri aðilar komi að mönnun leikja.

F.h. dómara nefndar KSÍ

Þóroddur Hjaltalín, formaður

